

AUGLÝSING um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Veghúsastígur 9a.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur þann 13. maí 2015 breytingu á deiliskipulagi Skúlagötusvæðis vegna lóðarinnar nr. 9A við Veghúsa-stíg. Í breytingunni felst m.a. að breyta notkun geymsluhúsnæðis í íbúðar- og/eða atvinnuhúsnæði. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Nauthólsvegur 50.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar þann 8. maí 2015, breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 50 við Nauthólsveg. Í breytingunni felst að gerður er byggingarreitur fyrir hjóla- og sorpgeymslu, sorpskýli og gasgeymslu norðan við húsið. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Austurbakki 2, reitur 1 og 2.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur þann 20. maí 2015 breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 2 við Austurbakka. Í breytingunni felst að gólfkótar eru leiðréttir í samræmi við gatnahönnun. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. ml. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 20. maí 2015.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfud.: 4. júní 2015